

Kennsluáætlun

Haust 2023

Bekkur: 6.bekkur

Námsgrein: Íslenska

Fjöldi kennlustunda: 5,0 kennlustundir

Kennari: Geirprúður Guðmundsdóttir og Guðný Anna Vilhelmsdóttir

Áfangalýsing

Kennsluáðferðir:

Einstaklingsmiðað nám. Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluáðferðir.

- Sýnikennsla
- Umræðu og spurnaraðferð
- Einstaklingsvinna
- Samvinnunám
- Verklegar æfingar og námsleikir
- Leitaraðferðir
- Útikennsla

Námsmat:

- Málfræðikannanir
- Bókmenntaverkefni
- Stafsetningarkannanir
- Ritunarverkefni
- Lesfimiþróf
- Lesskilningur
- Framsögn

Hæfniviðmið:**Talað mál:**

- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda,
- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisni.

Lestur og bókmenntir:

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum,
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, söguviði og boðskap,
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.

Ritun:

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

Málfræði:

- gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,
- notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,
- notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

Dagsetning	Viðfangsefni - Mánudagur	Viðfangsefni - Þriðjudagur	Viðfangsefni – Miðvikudagur	Viðfangsefni – Fimmtudagur	Námsmat
23. – 25. ágúst				Velja bók á bókasafni	
28. ágúst – 1. sept.	Málrækt 2 bls. 7-9	Orðarún próf	Ritun: sumarfríð mitt	Málrækt 2 bls. 10-11	Orðarún próf 1
4. – 8. sept.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 12-16	Ritun: Drauma útikennsla eða drauma skóladagurinn minn	PALS	Lestrapróf
11. – 15. Sept	PALS	Gróðursetningardagur	Ritun: Drauma útikennsla eða drauma skóladagurinn minn	PALS	Lestrapróf
18. – 22. sept	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 17-20	Stafsetning	PALS	
25. – 29. sept.	Skipulagsdagur	PALS Málrækt 2 bls. 21-24	Stafsetning/Ritun	PALS	
2. - 6. okt.	PALS	Íþróttadagur	Stafsetning/Ritun	PALS	
9. – 13. okt.	PALS	PALS Málrækt 2 bls.25-28	Lesskilningur	PALS	

16. – 20. okt.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 29-32	Stöðumat	PALS	Stöðumat
23. – 27. okt.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 33-36	Lesskilningur	Foreldra og nemendaviðtöl	
30. okt – 3. nóv.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 37-40	Stafsetning/Ritun	PALS	
6. – 10. nóv.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 41-45	Stafsetning/Ritun	PALS	Vinavika
13. – 17. nóv.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 47-50	Lesskilningur	PALS	
20. – 24.nóv	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 51-54	Lesskilningur	PALS	
27. nóv – 1. des.	PALS	PALS Málrækt 2 bls. 55-58	Orðarún 2	Jólapemadagur	Orðarún 2
4. – 8. des.	Málrækt 2 bls. 59-62	Upprifjun fyrir próf	Málfræðiþróf	Jóla íslenska	Málfræðiþróf
11. – 15. des.	Jóla íslenska	Jóla íslenska	Jóla íslenska	Jóla íslenska	
18. – 22. des.	Jóla íslenska	Kirkjuferð og friðarganga	Jólaskemmtun		

